

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

234. FUNDUR.

234. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 9. apríl 2014 kl. 13:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund

Fundinn sátu:

Leó Örn Þorleifsson, Rakel Runólfsdóttir, Stefán Einar Böðvarsson, Elín R. Líndal, Elín Jóna Rósínberg, Ragnar Smári Helgason, Gunnar Þorgeirsson.

Embættismenn:

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri og Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundargerð 235. fundar skipulags- og umhverfisráðs. Samþykkt með 7 atkvæðum.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2013. Fyrri umræða.

Mættur er á fundinn Kristján Jónasson löggiltur endurskoðandi. Kristján lagði fram og skýrði ársreikninginn ásamt skýrslu um endurskoðun á ársreikningi 2013. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna. Að loknum umræðum lagði oddviti fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa ársreikningi sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2013 til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 16. apríl nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. 8. dagskrárliður 826. fundar byggðarráðs frá 24. mars sl.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 8. dagskrárlið 826. fundar byggðarráðs frá 24. mars sl.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar úthlutunarreglur Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra, umsóknareyðublað og fleiri gögn er tengjast stofnun sjóðsins. Markmið sjóðsins er að hvetja til jákvæðrar umræðu og verkefna á sviði atvinnuþróunar í Húnaþingi vestra. Sjóðnum er ætlað að styðja við frumkvæði íbúa og hvetja til samstarfs og nýsköpunar í sveitarfélaginu.

Áherslur Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra lúta að verkefnum sem stuðlað geta að auknum umsvifum, betri afkomu og rekstri fyrirtækja og þróun og nýsköpun í atvinnulífi í Húnaþingi vestra. Styrkir sem veittir eru úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði eru fyrst og fremst verkefna- og framkvæmdastyrkir, ekki rekstrarstyrkir eða styrkir til að mæta opinberum gjöldum eða greiða skuldir.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir umsóknum um úthlutun styrkja úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra með umsóknarfresti til og með 30. apríl nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 235. fundar frá 8. apríl sl. Fundargerð í 1 lið Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga 123/2010 að undangenginni lagfæringu á uppdráttum og greinargerð.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:37

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Rakel Runólfsdóttir .

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Gunnar Þorgeirsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari